

## SKARÐSHLIÐARSKÓLI

### FUNDARGERÐ VERKFUNDAR

<b>Framkvæmdaraðili:</b> Hafnarfjarðarbær	<b>Fundur nr. :</b> 49
<b>Verktaki:</b> Eykt ehf	
<b>Fundarstjóri:</b> Kristján Björnsson	<b>Fundarritari:</b> Hilmar Ástþórsson
<b>Fundarstaður:</b> Verkstað	
<b>Pátttakendur:</b>	29.01.2019
Kristján Björnsson (KB) Verkís <a href="mailto:kb@verkis.is">kb@verkis.is</a> 824 6313	<b>Frá kl. :</b> 15:00
Hilmar Ástþórsson (HÁ) Verkís <a href="mailto:hia@verkis.is">hia@verkis.is</a> 846 0011	<b>Til kl. :</b> 16:00
Hlynur Gissurarson (HG) Eykt <a href="mailto:hlynur@eykt.is">hlynur@eykt.is</a> 822 4418	
Ívar Már Markússon (ÍMM) Eykt <a href="mailto:ivar@eykt.is">ivar@eykt.is</a> 822 4449	
Örn Guðmundsson (ÖG) VSB <a href="mailto:orn@vsb.is">orn@vsb.is</a> 660 8609	
<b>Dreifing:</b> Fundarmenn	<b>Næsti fundur:</b>
Stefán Veturliðason (SV) VSB <a href="mailto:stefan@vsb.is">stefan@vsb.is</a> 660 8606	Miðvikudaginn 12.
Sigurður Haraldsson (SH) Hfj.bær <a href="mailto:siggih@hafnafjordur.is">siggih@hafnafjordur.is</a> 664 5631	febrúar 2020, kl.
Páll Daníel Sigurðsson (PDS) Eykt <a href="mailto:palld@eykt.is">palld@eykt.is</a>	15:00 á verkstað.
Þorgeir Margeirsson (ÞM) Eykt <a href="mailto:toggi@eykt.is">toggi@eykt.is</a>	

#### Tengiliðir:

Nafn	Fyrirtæki	Hlutverk	Sími	Netfang
Kristján Björnsson	Verkís	Eftirlitsmaður	824 6313	<a href="mailto:kb@verkis.is">kb@verkis.is</a>
Hilmar Ástþórsson	Verkís	Eftirlitsmaður	846 0011	<a href="mailto:hia@verkis.is">hia@verkis.is</a>
Ívar Már Markússon	Eykt	Staðarstjóri	822 4449	<a href="mailto:ivar@eykt.is">ivar@eykt.is</a>
Hlynur Gissurarson	Eykt	Verkstjóri	822 4418	<a href="mailto:hlynur@eykt.is">hlynur@eykt.is</a>
Sigurður Haraldsson	Hafnarfjarðarbær	Umboðsmaður	664 5631	<a href="mailto:siggih@hafnafjordur.is">siggih@hafnafjordur.is</a>
Örn Guðmundsson	VSB	Verkefnisstjóri	660 8609	<a href="mailto:orn@vsb.is">orn@vsb.is</a>
Stefán Veturliðason	VSB	Verkefnisstjóri	660 8606	<a href="mailto:stefan@vsb.is">stefan@vsb.is</a>



Nr.

**FUNDARGERÐ:**

***Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.***

**Ábm.:**

**1. Fundargerðir.**

Fundargerð síðasta verkfundar er samþykkt og undirrituð.

*Verkfundargerðir eru sendar út með tölvupósti og eru einnig settar á verkefnavef verktaka.*

**2. Tryggingar.**

*Búið er að lækka verktrygging eftir bæði fyrsta og annan áfanga.*

**3. Öryggisráðstafanir/öryggismál.**

Vinnusvæðið er girt af, lokað og læst utan vinnutíma. Mikilvægt að eftirfylgni/eftirlit sé áfram með vinnugirðingum og tryggt að umferð inn á vinnusvæði sé ekki greiðfær.

Áréttað við verktaka að vera vakandi fyrir akstri vinnuvéla á vinnusvæði, sérstaklega við lóðarfrágang og aðkomu aðfanga.

*Öryggisúttekt á áfanga nr. 2, þ.e. húshlutum A og B, fór fram í gær (17.júlí 2019). Slökkvilið hafnar notkun húsnæðisins í því ástandi sem það er nú. Verktaki er langt kominn með að vinna úrbætur frá öryggisúttekt og hefur sent stóran hluta af úrbótum á viðkomandi aðila (ljósmyndir af úrbótum). Verktaki ráðgerir að klára ísetningu hurða og glerja næstkomandi mánudag, undanskyld eru 2 stk gler í tónlistarskóla. Verktaki hefur óskað eftir úttekt og ekki fengið frekari viðbrögð, verktaki mun ítreka ósk sína. Ó.br. frá síðasta verkfundi, verktaki hefur ítrekað ósk sína aftur.*

**ÍMM**

*Þá er því velt upp hvort mögulegt sé að læsa flóttahurðum úr hátíðarsal þegar böll/skemmtanir eru í gangi á 2.hæð í húsbýgging C. Lagt er upp með að setja vælur á umræddar hurðar, verður borið undir verkkaupa. Er í ferli.*

*Búið er að minnka athafnasvæði verktaka eftir að vinnugirðingar voru færðar til, svæði framan við grunnskóla stækkaði samhliða.*

Verktaki upplýsir að ekkert vinnuslys hafi orðið.

**4. Undirverktakar.**

**Eftirtaldir undirverktakar koma að verkinu:**

*Jarðvinna; Gröfumaðurinn ehf. Raflagnir; Rafís. Pípulagnir; Topplagnir. Blikksmiður; Blikksmiði. Dúkalagnir; Pons. Málningarvinna; Sigurður Breiðfjörð. Múrverk; TM-Bygg. Þakpappalögn; Helgason og Co hf. Gifsveggir, innréttingar, innihurðir og kerfisloft; Parketlausnir (Sævar Helgason). Plöntur í lóð; Jóhann Sigurðsson garðyrkjufraeðingur. Þökulagning; HO torf. Heflun undir malbik; Hefilverk. Malbikun; Hlaðbær – Colas. Gluggaísetning; Áþ-verk ehf. Uppsetning innihurða; Trésmiðja Róberts. Leiktæki; Jóhann Helgi og Co. Forritun; Efla.*

**5. Aðstaða og athafnasvæði verktaka.**

*Vinnusvæðið er að hluta til skólasvæði. Verktaki er búinn að fara í gegnum ýmis atriði sem varða öryggi með skólastjóra og húsverði. Aðgengi og öryggi þeirra sem koma að skólanum hefur verið tryggt.*

*Verktaki hefur lokið að helluleggja framan við húsbýggingu að húsbýggingu F. Verið er að vinna lóð fyrir framan byggingar D-F. Búið er að malbika lóðina og stækka beygjuradýsa*



*inn á sleppistæðin en eftir er að malbika viðbótarstæðin og steypa kantstein. Malbikað verður þegar veður leyfir.*

Búið er að minnka athafnasvæði verktaka með tilfærslu á vinnugirðingum. Vinnubúðir verktaka hafa verið teknar niður og fjarlægðar af verkstað, aðstaða verktaka er nú á 2.hæð í húsbýggingu D.

**6. Veitustofnanir.**

Ekkert bókað.

**7. Gæðamál.**

Ekkert bókað.

**8. Vinnutími.**

Vinnutími verktaka er 7:30 – 18:00 virka daga og tilfallandi 07:30 – 16:00 á laugardögum.

**9. Mannafli og tæki frá síðasta verkfundi.**

Tæki á verkstað	
Trailer	1
Beltavél	1
Hjólavél	1
Cat	1
Skæralyfta	1
<b>Samtals:</b>	<b>5</b>

Mannafli á verkstað	
Stjórnun	2
Húsasmiðir	3-5
Rafvirkjar	3
Píparar	0-3
Málarar	4-5
Blikksmiðir	2
Dúkarar	5
Verkamenn	2
Múrarar	0
Lóðarfrágangur	0
Aðrir	0
<b>Samtals:</b>	<b>21-27</b>

**Verkstaða – áætlanir, næstu verk.**

**10. Húsbýggingar A og B:**

Verið að ljúka við lokafrágang og malbikun á norðanverðir lóð (gert þegar veður leyfir). Búið er að setja upp innréttingu í bókasafni, eftir stendur að fá glerplötu ofan á borð.

**Húsbýgging C:**

**Masterskerfi í hurðir innanhúss:**

*Búið er að skilgreina masterkerfi og það liggur fyrir, Ægir kemur til með að vera í sambandi við Vélar og Verkfæri til að fullklára kerfi og setja framleiðslu lykla. Illa hefur gengið að hafa upp á aðila hjá Vélum og Verkfærum til að fullklára og afgreiða. Ægir mun skoða frekar þegar hann kemur til baka úr fríi.*

*Fundað var hvað þetta varðar síðastliðinn fimmtudag, þá var rætt um að einfalda kerfið eins og hægt er. Er í ferli, Ægir er að skoða.*

*Ekki hefur tekist að einfalda kerfið eins og Ægir vonaðist til, því er verktaki beðinn um að taka upp þráðinn aftur með Vélum og verkfærum og ljúka við kerfið.*



Kom upp bakslag í fullnaðarfrágangi á masterskerfi, aðilar eru sammála um að æskilegt sé að boða til fundar og fara yfir í sameiningu. Verktaki, eftirlit, skólastjórnendur og söluaðili verði viðstaddir fund. Er í skoðun hjá eftirliti og verktaka.

HÁ

#### **Húsbýgging D:**

Útdráttur rafstrengja er langt kominn á 1. og 2. hæð. Uppsetning kerfislofta er lokið. Uppsetning fólkslyftu er lokið. Búið er að setja upp rafmagnstöflur og ganga frá strengjum inn í þær og tengja. Vinna við spörslun og málun mjög langt komin og unnið er að dúklögn. Innréttingar eru komnar á verkstað en uppsetning er ekki hafin. Uppsetning stigahandriða er langt komin og búið er að ganga frá brunapéttingum lagna.

	1.hæð	2.hæð
Innveggir	100%	100%
Rafkerfi	90%	90%
Lagnir	100%	100%
Loftræsing	95%	95%
Gólfefni	85%	85%
Kerfisloft	100%	100%
Utanhússklæðning	100%	

#### **Húsbýgging E :**

Innanhúss er uppsetningu léttra innveggja lokið. Unnið hefur verið að útdrætti rafstrengja, pípulagnir og loftræsilagnir. Málningarvinna og dúkalögn er hafin, búið er að dúkleggja skólastofur. Uppsetning kerfislofta er lokið um 50% og þá er vinna við loftræsilagnir lokið ef frá er talið uppsetning dreifara. Búið er að ganga frá tröppum út á þaksvalir.

#### **Húsbýgging F:**

Utanhússklæðningu er lokið og búið að setja upp reyklúgur, eftir að raftengja þær. Innanhúss er unnið við stofnlagnir, lokið um 95%. Unnið er við sandspörslun og málun, búið er að sandsparsla steypa veggi og hlaðna veggi í búningsklefum og mála eina umferð. Uppsetning raflagnastiga og pípulagna er langt komin og búið er að múrhúða hlaðna innveggi á 1.hæð í aðstöðu kennara. Verið er að leggja loftræsilagnir og klára að tvöfalda létta innveggi.

Loftræsisamstæða er komin á verkstað og unnið er að uppsetningu hennar og tenginga. Stofnlagnir loftræsilagna er lokið ef frá er talin íþróttasalur. Búið er að setja upp undirbyggingu fyrir áhorfendapalla í íþróttasal.

#### **Lóðarfrágangur:**

Lóð við leikskóla er frágengin fyrir utan frágang girðingar og hellulögn við inngang á norðurhlið.

Búið er að malbika lóð við byggingu C-F, ráðgert að malbika lóð bak við hús í næstu viku ef veður leyfir. Búið er að helluleggja að framanverðu og koma fyrir snjóbræðslulögnum í ramp. Unnið hefur verið að uppsetningu lampa á ljósastaura á lóð að norðanverðu.

**Næstu verk:** (2 vikur, eða að næsta verkfundi)

#### **Húsbýgging D:**

Haldið verði áfram með almennan frágang innanhúss. Unnið verði að dúklögn sem og uppsetningu innréttinga og innihurða.

#### **Húsbýgging E:**

Unnið að stofnlögnum innanhúss, útdrætti rafstrengja, málun, uppsetningu innréttinga og hurða.



### **Húsbygging F:**

Innanhúss verði unnið við stofnlagnir í íþróttasal, loftræsilagnir og í tækniklefa. Stefnt að því að klára að tvöfalda gífsveggi og vinna áfram við sandspörslun/málun veggja.

### **Lóðafrágangur:**

Haldið áfram með lóðarfrágang bak við hús og er malbikað ef veður leyfir, þ.e. ný bílastæði við sleppistæði, sömuleiðis að steypa kantstein þar.

## **11. Verkáætlun.**

*Samningur var undirritaður 28.07.2017 og fyrsta skóflustunga var tekin þann 21.08.2017.*

*Formleg áfangaskil á áfanga nr.1 fóru fram 6. nóvember.*

*Formleg opunarhátíð á áfanga nr. 2 var haldin 9.ágúst 2019.*

Verktaki hefur uppfært verkáætlun fram að verklokum og sent á eftirlit. Verktaki horfir til þess að ljúka verki 31. mars, unnið verði að stillingum kerfa, útteknum og úrbótum í apríl. Ráðgerir þar með að skila verkinu fullfrágengnu í lok apríl og verði farinn af verkstað 1.maí.

## **12. Hönnun (breytingar).**

*Athuga með möguleika á að stækka handlaugar sem staðsettar eru inni í stofum í D-hluta.*

*Er í skoðun/ferli. Verktaki kemur til með að senda inn efnissamþykkt. Ó.br. frá síðasta verkfundi, er í skoðun hjá verktaka.*

ÍMM

Verktaki hefur sent frá sér tillögu að breytingum/úrbótum á lýsingu lóðar. Sem unnið verður eftir.

## **13. Teikningar og önnur gögn.**

Staðsetning snaga í húsbyggingum D, E og F hefur verið færð inn á verkeikningu.

## **14. Efnisúttegungun / efnisvottorð.**

Afgreiðsla efnissamþykktar er í eðlilegum farvegi á milli verktaka og eftirlits.

Eftirtaldar efnissamþykktir eru í vinnslu:

*Verktaki vinnur að því að afla upplýsinga um búnað í íþróttasal sem hann kemur til með að leggja fram til samþykktar, þegar það liggur fyrir. Er í vinnslu hjá verktaka, gerir ráð fyrir að senda frá sér fljótlega.*

*Verktaki hefur sent frá sér upplýsingar um kerfisloftaplötur í íþróttasal, eftirlit er að fara yfir og mun taka afstöðu til. Samþykkt liggur fyrir.*

Verktaki hefur sent inn efnissamþykkt fyrir rimlum í íþróttasal, eftirlit kemur til með að fara yfir og taka afstöðu til.

## **15. Viðbótarsamningsverk.**

Ekkert bókað.

## **16. Aukaverk.**

*Verktaki hefur sent frá sér verðtilboð í efnisúttegungun og uppsetningu á körfuboltaspjaldi og fótoltamarki á leikskólalóð í framhaldi af ósk þar um. Skoðað verður hvort aðrir verkþættir/búnaður úr samningsverki falli út á móti.*

*Komið hafa upp vangaveltur um að æskilegt sé að setja upp sólbekki á fleiri stöðum í byggingu (hefur verið sett í hátíðarsal, C2). Eftirlit mun skoða frekar í samráði við verkkaupa. Ó.br. frá síðasta verkfundi.*

HÁ



## 17. Magntölur og reikningar.

*Rætt um magntölur sem sumar hverjar eru komnar yfir 100% í magntöluskrá. Magntöluskráin er aðeins vinnuþag en er ekki ráðandi varðandi endanlegan kostnað. Það er tilboðsupphæð verktaka sem gildir þó greitt sé eftir magnskránni inn á verkið.*

Framvindureikningur nr. 30 er væntanlegur á næstu dögum.

Yfirlit yfir samþykka/afgreidda framvindureikninga;

Innb. Nr.	Dags	Vísitala reikn	Framvinda Kr.	Vísitala Kr.	Alls m. verðb.
1.	1.9.2017		20.428.635		20.428.635
2.	1.10.2017	135,1	64.922.246	1.726.655	66.648.901
3.	1.11.2017	135,8	97.194.869	3.101.964	100.296.833
4.	1.12.2017	136,1	112.039.154	3.831.126	115.870.280
5.	1.1.2018	136,5	106.852.143	3.978.537	110.830.680
6.	1.2.2018	137	72.889.512	2.990.907	75.880.419
7.	1.3.2018	136,9	123.708.353	4.982.175	128.690.529
8.	1.4.2018	137	113.486.034	4.656.722	118.142.755
9.	1.5.2018	137,4	205.809.708	9.070.641	214.880.349
10	1.6.2018	139,1	160.952.927	9.172.849	170.125.776
11	1.7.2018	139,2	247.271.257	14.280.103	261.551.360
12	1.8.2018	139,9	288.891.031	18.220.331	307.111.362
13	1.9.2018	139,9	241.537.100	15.233.723	256.770.823
14	1.10.2018	140,2	154.397.832	10.089.828	164.487.660
15	1.11.2018	141	148.489.713	10.606.408	159.096.121
16	1.12.2018	141,6	157.301.987	11.953.039	169.255.025
17	10.01.2019	142,1	74.446.964	5.939.917	80.386.881
18	01.02.2019	142,1	80.153.734	6.395.245	86.548.978
19	01.03.2019	142,2	73.520.225	6.033.575	79.553.800
20	01.04.2019	142,4	88.369.684	7.252.223	95.621.907
21	01.05.2019	142,7	119.850.147	10.108.941	129.959.088
22	01.06.2019	145,8	134.942.153	14.560.627	149.502.780
23	01.07.2019	145,8	81.650.077	8.810.267	90.460.344
24	01.08.2019	146,4	84.538.976	9.5070.423	94.046.399
25	01.09.2019	146,4	43.890.584	4.936.023	48.826.607
26	01.10.2019	146,3	52.815.487	5.899.602	58.715.089
27	01.11.2019	146,3	54.815.986	6.123.062	60.939.048
28	02.12.2019	146,4	75.579.746	8.442.418	84.022.164
29	02.01.2020	146,4	37.194.991	4.183.023	84.022.164
Alls			3.317.941.255	222.087.354	3.540.028.606

## 18. Úttektir, rannsóknir og prófanir.

*Rætt um prófanir verktaka, t.a.m þrýstiprófanir lagna. Verktaki kemur til með að skoða og taka saman, í framhaldinu verði sett upp mappa á verkefnavef þar sem úttektarskýrslum er safnað saman og haldið utan um.*



*Þrýstiprófun er að klárast, verktaki kemur til með að senda skýrslur á eftirlit. Verktaki hefur sent skýrslur á eftirlit.*

*Prófunarskýrslur og yfirlýsingar verða settar inn á verkefnavef. Verktaki hefur sett upp mörpu á verkefnavef, verktaki færir inn tilheyrandi skjöl.* **ÍMM**

Borist hafa úttektarskýrslur frá Mannvirkjasofnun, Vinnueftirlit og Heilbrigðiseftirlit undanfarið. Eftirlit og verktaki eru í samskiptum hvað það varðar, unnið er að því að vinna úrbætur á eftir atvikum, þeim atriðum sem lúta að verktaka.

**19. Kröfur.**

Ekkert bókað.

**20. Tafabætur.**

Ekki tekið fyrir.

**21. Verklok.**

*Áfangaskil nr.2; formleg afhending/opnunarhátíð fór fram þann 9.ágúst 2019 og tókst vel til. Verktaki hefur sömuleiðis afhent verkkaupa kennarastofu (D2/E2) til afnota, sem ekki var hluti af áfangaskilum nr.2 samkvæmt verksamningi.*

*Samanber bókun undir fundarlið nr. 11 – Verkáætlun þá horfir verktaki til þess að ljúka verki að fullu í apríl og vera farin af verkstað 1.maí.*

**22. Samningslok.**

Ekkert bókað.

**23. Önnur mál.**

*Í rýmum milli deilda í leikskóla eru föst borð en eiga að vera felliborð skv. útboðsgögnum. Eftirlit mun skoða frekar, vísað á bls. 89 í forsögn. Það liggur fyrir að útfærsla borða í vinnuherbergi er ekki til samræmis við forsögn, verktaki kemur til með að skoða mögulegar lausnir. Er í skoðun hjá eftirliti. Komin tillaga frá verkaka á felliborðum, eftirlit mun fara yfir og taka afstöðu til. Verktaki hefur sent frá sér verðtilboð í felliborð, eftirlit kemur til með að fara yfir og taka afstöðu til.*

*Komin er ný tillaga að klukka, digital klukka sem ekki tengist bjöllukerfinu. Eftirlit/verkkaupi kemur til með að fara yfir og taka afstöðu til. Verkkaupi hefur ákveðið að taka klukku frá Á Óskarssyni, KB sendir formlega beiðni á verktaka. Búið er að leggja inn pöntun fyrir klukku. Klukka er komin á verkstað og unnið er að tengivinnu.*

**HÁ**

*Vandamál hafa verið að koma upp á gufuofnum í eldhúsi, sem hafa verið að slá út. Er í ferli hjá verktaka, sem er í samskiptum við söluaðila vegna þessa.*

Hjólaskápar og hilluskápar eru komnir á verkstað og verið afhentir rekstraraðila til afnota.

Verktaki upplýsir um að ákvörðun hafi verið tekin af hans hálfu að panta nýjar hurðir í síðari áfanga. Til samræmis við umræður var upphaflega horft til þess að notast yrði við þær hurðir sem teknar voru niður í tónlistar- og leikskóla, sem var skipt út fyrir nýjar hurðir með gleri í hurðarspjöldum.

Samþykkt fyrir hönd verktaka:

Samþykkt fyrir hönd verkkaupa:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_